

Mættir voru: Kristín skólastjóri, Guðrún f.h. foreldra, Oddný Sturludóttir f.h. foreldra, Heiða frá skólanum, Lára Guðrún kennari, Sigríður Helga kennari, Telma f.h. nemenda.

Mál á dagskrá:

1. Drög að starfsáætlun
2. Ytra mat
3. Aðsent erindi – Áskorun varðandi skólalóð
4. Lýðræðisþing

Önnur mál

Gengið til dagskrár:

1. Drög að starfsáætlun

Farið var yfir tímasetningar funda og lögð fram starfsáætlun vetrarins.

2. Ytra mat

Ytra mat hefur verið í gangi þessa vikuna og hefur hópur frá skóla og frístundasviði verið að taka út starfshætti skólans.

3. Aðsent erindi – Áskorun varðandi skólalóð

Frá yngsta stigi skólans og frístundarheimilinu hefur ráðinu borist ályktun þar sem óskað er eftir úrbótum á skólalóð Austurbæjarskóla. Er í ályktuninni lýst áhyggjum yfir því að hinn almenni borgari hafi greiðan aðgang að lóðinni hvenær sem er og m.a. vegna aukningu erlendra ferðamanna skapi það mikla hættu. Er þess farið á leit að skólalóðinni verði lokað eða aðgengi hamlað með einhverjum hætti hið fyrsta. Skólaráð leggur til að sett verði upp skilti og jafnvel girðing og að stígurinn verði skilgreindur sem skólalóð. Ráðið leggur einnig til að erindinu verði vísað til eigna og framkvæmdasviðs og skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til frekari umfjöllunar.

4. Lýðræðisþing

Lýðræðisþing verður haldið 11. október og mun allur skólinn þinga á sama tíma.

Kennarar munu fá skipulag í hendur til að stjórna umræðum. Bekkjarfundir vinni að ákveðnum málum fram að þingi. Ingvar Sigurgeirsson mun koma að skipulagningu þingsins. Vonast er til að nemendabing/lýðræðisþing geti orðið fastur liður í skólastarfinu.

Önnur mál:

Tillaga kom fram að sett verði af stað ráð þar sem yngri og miðstignemendur geti haft rödd í skólasamfélaginu, miðstigsráð og yngstastigsráð. Einhverjir fullorðnir myndu halda utan um verkefnið.

Fulltrúi unglunga segir að mikil ánægja sé með að brauðgrillið sé aftur komið í risið en vöntun sé á fleiri sófum til að sitja í.

Fleira var ekki rætt á fundinum, fundi slitið kl. 9:00

Fundinn ritaði:

Lára Guðrún Agnarsdóttir